

Listasýningin Myrkurbil: Skyggst í ómælisdjúp himingeimsins

Hjörtur Marteinsson listmálari heldur nú þriðju einkasýningu sína á lágmýndum og þrívíðum verkum í nýjum sýningarsal, Listasalnum Man, að Skólavörðustíg 14 í Reykjavík. Sýningin bar yfirskriftina Myrkurbil. Í henni kallast Hjörtur á við fornar og nýjar hugmyndir heimsfræðinga um eðli og gerð alheimsins.

Aflvaki flestra verkanna tengist undrun og gleði þess sem rýnir út í víðáttur alheimsins í þeim tilgangi að rekja sig eftir þeim þráðum sem þar leynast um gerð þessa heims og uppgötvar um leið að hugtök eins og svarthol, þyngdarafli eða miklihvellur segja okkur í raun næsta lítið um það


Sýningar

ómælisdjúp tilverunnar sem er utan við og handan hinnar skynjuðu eða mælanlegu reynslu.

Sýningin stendur til sunnudagsins 17. október. Listsalurinn Man er opin á virkum dögum milli 10 og 18 og um helgar milli 14 og 18 en þá er gengið inn frá Skólavörðustíg.

Ingibjörg Böðvarsdóttir: Yfirlitssýning á æskuverkum

Gallarí Geysir í Hinu húsinu er nú með sýningu á yfirlitssýningu Ingibjargar Böðvarsdóttur. Verkin eru æskuverk hennar og voru öll unnin á barna- og unglinganámsskeiðum Myndlista- og handíðaskólans og Myndlistaskóla Reykjavíkur á árunum 1983-1993. Ingibjörg lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands árið 1997. Hún stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1997-1999 og er nú nemandi í Listaháskóla Íslands. Sýning hennar í Gallerí Geysi í Hinu húsinu stendur yfir til 24. október. Ópið er milli 9 og 17 virka daga í Gallerí Geysi og milli 14 og 18 um helgar.



Niels Hafstein með sýningu: Textaverk í Ganginum

Myndlistarmaðurinn Niels Hafstein opnaði um helgina sýningu á textaverkum sínum í Ganginum, Rekagrandu 8. Textaverkin á sýningunni lýsa upphafningu, leiðslu og rómantík og eiga sér tilvísun í myndræna texta allt frá 1971 sem Niels útbjó og kynnti í fyrstu bókmenntaverkum sínum. Niels hefur löngum starfað við söfn og stofnaði á sínum tíma Nýlistasafnið ásamt fleiri. Hann er jafnframt forstöðumaður safnasafnsins á Svalbarðsströnd en það er eina safn alþýðulistar á Íslandi. Niels hefur lengstum siglt sinn sjó í listinni, hvernig svo sem tiskuvindar hafa blásið. Segja má að hér hafi hlaðist orðvörður á liggjandanum fyrir og eftir straum. Sýningunni lýkur 10. nóvember.

Kjarvalsstaðir sýna sjaldséð listaverk:

Myndverk Hafsteins Austmanns

Kjarvalsstaðir eru nú með sýningu á verkum Hafsteins Austmanns í austursal sínum. Sýningin nefnist Myndverk en listaverkin á sýningunni eru frá sl. 15 árum. Lítið hefur farið fyrir Hafsteini sem listamanni í mörg ár og hefur hann aðallega unnið í kyrrbey. Hann hefur að mestu leyti fengist við abstraktmálverk en einnig aðeins við skúlptúra eins og útsýning hans í Öskjuhlíðinni bar með sér.

Hafsteinn hefur sterk höfundareinkenni í list sinni og hefur staðið af sér flesta tiskustrauma. Flest verkin hafa

Skemmtanir


hyrnda fleti í bakgrunni og dökkar línur ramma þá inn en vissulega eru undantekningar frá þessari reglu og innan rammans rúmast mörg tilbrigði. Í list Hafsteins Austmanns er litur, form, lína og flötur, það sem öllu skiptir og þó hugmyndafræðin liggir ekki endilega á yfirborðinu finnur



áhorfandinn greinilega fyrir henni.

Sýningin á verkum Hafsteins á Kjarvalsstöðum stendur til 24. október nk. Ópið er á staðnum alla daga milli

10 og 18. Leiðsögn um Kjarvalsstaði er í boði kl. 16 á sunnudögum. Allir eru velkomnir.



Veðrið í dag

Hlýnandi veður

Austan og suðaustan 10-15 m/s og rigning sunnan- og vestanlands, en hægari sunnanátt og skúrur er kem-

ur fram á daginn. Suðaustan 8-10 m/s og slydda norðaustantil nálægt hádegis, en rigning eða skúrur síðdegis. Hlýnandi veður. Höfuðborgarsvæðið: Austan og suðaustan 8-13 m/s og rigning fram eftir morgni, en síðan sunna 5-10 og skúrur. Hiti 3 til 8 stig.

Sólarlag í Reykjavík: 18.20
Sólarupprás á morgun: 08.10
Síðdegisflóð í Reykjavík: 20.04
Árdegisflóð á morgun: 08.22

Færð víðast hvar góð

Þjóðvegir eru yfirleitt í góðu ásigkomulagi, þó má búast við hálfu í morgunsárið. Víða eru vegavinnuflokkar að störfum. Þar sem lokið hefur verið við að setja á nýtt slitlag myndast yfirleitt steinkast og eru þær leiðir sérstaklega merktar. Færð á hálendisvegum hefur spíllt að einhverju leyti og eru flestar leiðir aðeins færar fjallabílum og einstaka

Færð á vegum

leiðir orðnar ófærar, þó eru leiðir opnar öllum bílum, má þar nefna leiðina í Landmannalaugar, Djúpavatsleið og Uxahryggi. Arnarvatnsheiði er ófær og einnig Loðmundarfjörður. Þungfært er á Axarfjarðarheiði og Hellsisheiði-eystri.



Baldur Ingi

Litli drengurinn á myndinni heitir Baldur Ingi. Hann fæddist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 3. janúar sl. kl. 17.37. Við fæðingu var

hann 4405 g og 53 sm að lengd. Systur hans, sem eru með honum á myndinni, heita Berglind Sif, 8 ára, og Helga Kristín, 4 ára. Foreldrar þeirra heita Jón Aðalbjörn Ingason og Jóhanna María Baldursdóttir.

Barn dagsins

Veðrið kl. 6 í morgun:

Akureyri léttskýjað	-1
Bergstaðir hálfskýjað	-4
Egilsstaðir	-1
Kirkjubæjarkl. rigning	3
Keflavíkurflv. rigning	5
Raufarhöfn skýjað	1
Reykjavík rigning	3
Stórhöfði rigning	5
Bergen skúr	8
Helsinki skýjað	6
Kaupmhöfn léttskýjað	9
Ósló skýjað	4
Stokkhólmur	7
Þórshöfn skýjað	7
Brándheimur skúr á stö. kls.	4
Algarve skýjað	18
Amsterdam léttskýjað	11
Barcelona þokumóða	18
Berlín léttskýjað	8
Chicago léttskýjað	9
Dublin heiðskirt	5
Halifax heiðskirt	8
Frankfurt rigning og súld	11
Hamburg léttskýjað	8
Jan Mayen hálfskýjað	2
London léttskýjað	5
Lúxemborg þokumóða	10
Mallorca skýjað	18
Montreal léttskýjað	6
Narssarssuaq skýjað	0
New York heiðskirt	14
Orlando skýjað	23
París léttskýjað	9
Róm þokumóða	12
Vín skýjað	14
Washington heiðskirt	7
Winnipeg	6

Krossgátan

1	2	3	4	5	6	7
8						
9				10		
11		12		13		14
15		16			17	
18			19	20		
21				22		

Lárétt: 1 tíðindi, 6 skoða, 8 smáar, 9 fæða, 10 álfa, 11 makaði, 13 rösk, 15 þegar, 16 venslamaður, 18 gljúfur, 19 mikil, 21 spjót, 22 ólmi.

Lóðrétt: 1 falskur, 2 skrifari, 3 borða, 4 kátur, 5 glóggi, 6 glens, 7 spil, 12 skaði, 14 fljótið, 15 brún, 17 aðstoð, 20 kyrrð.

Lausn á síðustu krossgátu:

Lárétt: 1 ábata, 6 sa, 8 sýn, 9 runu, 10 Jóna, 12 með, 13 ár, 14 eflí, 16 fax, 17 roði, 18 aria, 19 fas, 20 trassa.

Lóðrétt: 1 ásjá, 2 bý, 3 annexia, 4 traf, 5 aum, 6 sneiða, 7 auðnist, 11 órar, 15 lofs, 16 fat, 17 ras.

Gengið

Almennt gengi LÍ. kl. 9.15			
Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dóllar	70,850	71,210	72,410
Pund	117,140	117,730	119,320
Kan. dóllar	48,070	48,370	49,450
Dönsk kr.	10,1630	10,2190	10,2100
Norsk kr.	9,0900	9,1400	9,2890
Sænsk kr.	8,7020	8,7500	8,7990
Fi. mark	12,7003	12,7766	12,7663
Fra. franki	11,5118	11,5810	11,5716
Belg. franki	1,8719	1,8832	1,8816
Swiss. franki	47,3800	47,6400	47,3400
Holl. gyllini	34,2662	34,4721	34,4441
Þýskt mark	38,6091	38,8411	38,8096
It. líra	0,039000	0,039230	0,039200
Aust. sch.	5,4877	5,5207	5,5163
Port. escudo	0,3767	0,3789	0,3786
Spá. peseti	0,4538	0,4566	0,4562
Jap. yen	0,667000	0,671000	0,681600
Írskt pund	95,881	96,457	96,379
SDR	98,230000	98,820000	99,940000
ECU	75,5100	75,9700	75,9000

Símsvari vegna gengisskráningar 5623270